

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili.

Frá Ingu Sæland.

1. Hvernig hefur lengd biðlista eftir rými á hjúkrunarheimilum þróast á síðustu fimm árum?
2. Hve löng er bið eftir rými að meðaltali og hver er staða biðlista eftir landshlutum?
3. Hver telur ráðherra að þróun biðlista eftir rými á hjúkrunarheimilum yrði ef heilbrigðir makar heimilismanna á hjúkrunarheimilum ættu kost á að búa hjá þeim þar eins og hugmyndir hafa verið uppi um?
4. Hversu margir á biðlista eftir hjúkrunarrými hafa andast áður en þeim gafst kostur á vist síðastliðin fimm ár?
5. Hvað létust margir á Vífilsstöðum á tímabilinu 1. september 2016 – 1. september 2018?
6. Hver eru áform ráðherra um að fullnægja þörf fyrir hjúkrunarrými?

Skriflegt svar óskast.